

2015- 2016

Heilsuleikskólinn Holtakot

Tengiliðir verkefnisins
Ragnhildur Skúladóttir
Hildur Einarsdóttir



[ÞRÓUNARVERKEFNI]

Samantekt um þróunarverkefnið Leikur að læra í Heilsuleikskólanum Holtakoti

Inngangur

Kristín Einarsdóttir verkefnastjóri Leikur að læra kom fyrst til okkar með kynningu á námsaðferðinni í desember 2013. Aðferðin vakti áhuga okkar og þar sem Holtakot er heilsuleiksskóli þá fannst okkur þetta passa vel í stefnu skólans.

Markmið þróunarverkefnisins er annars vegar að efla hreyfifærni barna og nám á öðrum námssviðum með hreyfingu. Einnig að stuðla að heilbrigði barna og heilbrigðum lífsstíl. Seinni þátturinn er að koma á skipulögðum jógatímum í Holtakoti. Með kennsluáðferðinni Leikur að læra upplifa börn námsefnið í gegnum hreyfingu og mismunandi skynfæri.

Skipulag og framkvæmd verkefnis



2 ára börn í þrautabraut og ná í dýr í fyrirfram gefnum litum



Börnin fara með dýrin í gegnum brautina



Í lokin flokka þau dýrin eftir lit

Elstu tveir árgangarnir kynntust Leikur að læra veturinn 2014-2015. Þá var börnunum skipt niður í minni hópa og fóru í salinn 1x í viku. Það var farið í skipulagða hreyfingu í bland við Leikur að læra.

Á opnu húsi í maí 2016 kynntum við Leikur að læra fyrir foreldrum og gestum. Við vorum með ljósmyndir frá starfinu og kennslugögnin voru til sýnis. Fólk var almennt áhugasamt um verkefnið.


Frá vori og fram á haust nýttum við tímann til að útbúa námsgögn og skipuleggja veturinn 2015 - 2016.

Í september byrjuðum við skipulagða vetrarstarfið með þetta sem þróunarverkefni og þá var lögð áhersla á að börnin færu í Leikur að læra bæði inni á deildum með starfsfólkinu þar, í íþróttasalnum okkar, íþróttahúsi Álfthanesskóla, fimleikasalnum í Ásgarði og í sundi.

Í október og nóvember 2015 hittust leikskólastjóri, verkefnastjóri Holtakots og einn fulltrúi frá hverri deild 1x í viku og fóru yfir markmið og skipulagningu. Þessir fundir voru mjög góðir og



Útiverkefni - Tappar með bókstöfum



Para við réttan staf á dúk

gagnlegir og gáfu okkur tækifæri til að setjast niður og ræða hvernig gengi á hverri deild fyrir sig og skiptast á hugmyndum og skipuleggja áframhaldandi vinnu. Við settum okkur markmið að allir starfsmenn deildarinnar taki þátt í verkefninu og stjórni einum stórleik í Leikur að læra 1x í viku og í samveru eða öðru starfi inni á deild. Starfsfólkið þurfti að undirbúa sig vel og framkvæma einn leik sem hentaði aldri og þroska barnahópsins.

Í mars tókum við inn jóga og settum okkur markmið að öll börn færu a.m.k. 1x í viku í jóga og slökun.

Í apríl og maí er hugmyndin að vera með Leikur að læra í útiveru.



Leikur að læra í sal Álfтанesskóla



Unnið með bókstafi



Finna réttan staf á dúk



Finna réttan tölustaf á dúk

Endurmenntun og ráðgjöf

Kristín Einarsdóttir verkefnastjóri Leikur að læra kom til okkar í mars, maí og september 2015 og var með fræðslufundi fyrir allt starfsfólk leikskólans. Hún ræddi m.a. um hvernig starfsfólk geti sett meiri hreyfingu inn í dagskipulagið bæði inni á deild, í salnum og í útikennslu. Einnig fengum við aðgang að heimasíðu Leikur að læra með verkefnum og öðrum fróðleik. Börnin héldu áfram að fara í Leikur að læra í salnum.

Tveir starfsmenn skólans fóru á námskeið í Leikur að læra í Boston sem Kristín Einarsdóttir sá um. Það voru verkefnastjóri Holtakots og deildastjóri yngstu deildar sem fóru á styrk frá sínu félagi m.a. til að dýpka innsýn á námsefninu og finna leiðir og hugmyndir fyrir yngstu börnin sem eru hér allt niður í 10 mánaða.

Kristín hitti verkefnastjóra Holtakots og leikskólastjóra í mars 2016 og kynnti áframhaldandi vinnu næsta vetur. Næst kemur hún til okkar í september 2016 og kynnr foreldraverkefnið fyrir starfsfólk skólans á starfsdegi og fyrir foreldrum á kvöldfundi.

Unnur Arna Jónsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir frá Hugarfrelsi komu til okkar á starfsmannafund í mars 2015 og kynntu okkur fyrir slökun og jóga sem við höfum verið að nýta okkur í lok hreyfitíma og í hvíld eftir matinn.



Slökun eftir hreyfingu

Mat á verkefninu

Allir komust vel á veg með að tileinka sér Leikur að læra inni á deild og tengja hreyfingu daglegu starfi og námi deildarinnar. Börnin hafa verið í Leikur að læra í hinum ýmsu stundum t.d. í markvissri málörvun, í samverustund, útiveru, íþróttahúsinu, í salnum, í vikulegum sundtímum, á útileiksvæðinu og á ganginum á milli deilda. Unnið var með litina, tölustafina, bókstafina, þulur, rím og form.



Stærðfræðiþraut



Samlagning og fundið viðeigandi tölustaf

Börnin hafa lært ýmislegt eins og:

- ýmsa ferðamáta eins og að hoppa á öðrum fæti ganga bjarnagöngu o.s.frv.
- samhæfingar hoppa eins og sprellikarll, ganga með grjónapoka á höfði o.fl.
- félagslega leiki þar sem börnin þurfa að tjá sig og framkvæma athöfn. Barnið heldur á miða með stafnum B, það segir við annað barn hvað það heitir og hvenær það á afmæli. Að lokum nefnir barnið stafinn sem það er með og biður hitt barnið að skipta.

Sum börnin fóru í Leikur að læra á hverjum degi en aðrir 1x-2x í viku. Stundum er unnið í aldursskiptum hópum en oftast inni á deild eru allir með og þá eru unnin einstaklingsverkefni. Núna eru sum börnin farin að nýta sér leikur að læra í frjálsum leik og óumbeðin. T.d. voru tvö 3 ára börn í frjálsum leik og léku sér með bókstafi og voru að finna sama bókstaf sem hengdur upp á vegg.

Fundirnir sem voru haldnir reglulega voru gagnlegir og nauðsynlegt að halda þeim áfram. Þar gafst starfsfólki tækifæri til að ræða saman hvað gekk vel og hvað má betur fara og skiptast á hugmyndum.

Verkefnið verður áfram kynnt á opnu húsi sem er 29. apríl, stóra leikskóladeginum 27. maí og fyrir nýja foreldra í byrjun júní. Auk þess fá allir foreldrar kynningu á foreldraverkefninu haustið 2016 þegar við leggjum inn foreldrahlutann í verkefninu.

Fræðslufundirnir með Kristínu voru gagnlegir og lærdómsríkir og hún kemur til með að koma næsta vetur með innlögn. Það var mjög gott að hafa hana til að halda utan um verkefnið og auðvelt að leita til hennar. Einnig höfum við áfram aðgang að heimasíðu Leikur að læra og að auki vera duglegri að setja inn fréttir á heimasíðu leikskólans. Allt nýtt starfsfólk fer á nýliðanámsskeið þar sem farið er í helstu grunnatriðin sem Kristín Einarsdóttir sér um svo lengi sem við erum Leikur að læra leikskóli.

Starfsáætlun næsta skólaárs

Við höfum sótt um að halda áfram í þessari þróunarvinnu og í umsókninni kemur fram hvað tekur við næsta vetur. Við stefnum svo á að vera orðin leikur að læra leikskóli um næstu áramót.

Lokaorð

Þetta verkefni hefur verið góð viðbót við Heilsustefnuna sem við vinnum eftir og eflir okkur sem Heilsuleikskóla. Að auki hentar þessi námsaðferð vel fyrir þau börn sem eru orkumikil og eiga erfitt að sitja kyrr. Það hafa öll börn sýnt mikinn áhuga á að læra í gegnum leikinn á þennan máta sem Leikur að læra gengur út á.

Að okkar mati er þetta er frábær leið og verkfæri til að kenna börnum bókleg fög í gegnum hreyfingu og leik.

Það er okkar einlæg ósk að fá að halda áfram með þetta þróunarverkefni þar sem okkur finnst þetta skila miklu í starfi.

Hildur Einarsdóttir, verkefnastjóri

Ragnhildur Skúladóttir, leikskólastjóri



Prautabraut í sal Álftanesskóla